

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/104/EB

2006/EES/58/04

frá 12. nóvember 2003

um að leyfa að leyfa ísóprópýlestra af hýdroxýluðu metióníni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákvæðnar afurðir í dýrafæðu ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 1999/20/EB ⁽²⁾, einkum 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 82/471/EBE er kveðið á um að samþykkja skuli breytingar, sem ber að gera á viðaukanum við þá tilskipun í kjölfar vísinda- og tækniframfara, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr.
- 2) Lögð hefur verið fram umsókn um leyfi fyrir ísóprópýlestra af hýdroxýluðu metióníni sem tilheyrir flokknum „hliðstæður aminosýra“ sem um getur í viðaukanum við tilskipun 82/471/EBE.
- 3) Vísindanefnd um fóður (SCAN) skilaði 25. apríl 2003 álit á notkun þessarar afurðar í fóður þar sem hún kemst að þeirri niðurstöðu að ísóprópýlestri af hýdroxýluðu metióníni stofni ekki heilbrigði manna og dýra eða umhverfinu í hættu.
- 4) Matið á beiðninni um leyfi, sem lögð var fram fyrir ísóprópýlestra af hýdroxýluðu metióníni, sýnir að þessi afurð stenst kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 82/471/EBE samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í viðaukanum við þessa tilskipun. Því ber að leyfa þessa afurð.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum viðaukans við tilskipun 82/471/EB er hér með breytt eins og kveðið er á um í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. maí 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 295, 13.11.2003, bls. 83. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2004 frá 23. apríl 2004 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 26.8.2004, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 80, 23.3.1999, bls. 20.

VIÐAUKI

Eftirfarandi skrá bætist við skrána yfir hliðstæður aminosýra í viðaukanum við tilskipun 82/421/EBE undir fyrirsögninni „4.1 Hliðstæðan metiónín“:

Heiti afurðarflokks	Heiti afurðar	Táknun nærandi efnis eða örverutegund	Næringarefnablanda (forskrift, ef við á)	Einkenni á samsetningu afurða	Dýrategund	Sérákvæði
„4.1 Hliðstæðan metiónín	4.1.3 Ísóprópýlestri af hýdroxýluðu metióníni	$\text{CH}_3\text{-S-(CH}_2\text{)}_2\text{-CH(OH)-COO-CH-(CH}_3\text{)}_2$	—	— Einhliða estri: að lágmarki 90% — Raki: að hámarki 1%	Mjólkurkúr	Yfirlýsing sem skal koma fram á merkimiða eða umbúðum afurðarinnar: — Ísóprópýlestri af 2-hýdroxý-4-metýlþióbútansýru Yfirlýsingar sem skulu koma fram á merkingu eða umbúðum fæðublöndunnar: — Hliðstæðan metiónín: Ísóprópýlestri af 2-hýdroxý-4-metýlþióbútansýru — Hundradshluti íblöndunar hliðstæðunnar metióníns í fæðrinu.“